**Námsáætlun fyrir Sjónlist 4. bekkur**
**skólaárið 2024 - 2025**

**Kennari:** Drífa Þöll Reynisdóttir
**Tímafjöldi:** 2 kennslustundir á viku í 10-12 vikur.

| Námsþættir | Hæfniviðmið | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| **Sjónlist**<br><br>**Formfræði, litafræði og myndbygging**<br><br>• Frumþættir myndlistar, lita og formfræði<br>• Teikning, málun og litun með mismunandi litategundum og áhöldum<br>• Klippimyndir og blönduð tækni<br><br>**Listrýni**<br><br>• Mynd út frá sögu. | Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar.<br><br>Skapað myndverk í ýmsum tilgangi með margvíslegum aðferðum.<br><br>Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt.<br><br>Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd að myndverki.<br><br>Unnið út frá kveikju við eigin listsköpun.<br><br>Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.<br><br>Fjallað um eigin verk og annarra. | Kynnt verða listaverk frá mismunandi tímum í mannkynssögunni.<br><br>Nemendur vinna að sköpun út frá áhrifavöldum í listasögunni.<br><br>Nemendur læra að meðhöndla mismunandi efnismiðla.<br><br>Nemendur vinna verkefni í tví- og þrívíð.<br><br>Sjónrænar kveikjur<br><br>Sýni og Verkleg kennsla<br><br>Nemendur fá innlögn að verkefnum frá kennara í tíma | Verkefnamappa<br><br>Vinnubrögð og færni eru metin á vinnutímabilinu.<br><br>Metin verður þekking og meðhöndlun efna.<br><br>Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.<br><br>Metin verður frammistaða og virkni í tíma.<br><br>Allir þættir námsins eru metnir samkvæmt hæfnimiðum Aðalnámskrár Grunnskóla.<br><br>Lögð er áhersla á símat, ferilmöppu, leiðsagnarmat, |

| | | | |
|---|---|---|---|
| • Teikna eftir tónlist og tilfinningum<br>• Tjáning um eigin verk og annarra á uppbyggilegan hátt<br>• Ákveðnar lista- stefnur og listamenn<br><br>**Umgengni**<br><br>• Meðhöndlun efna og áhalda og umgengni í stofunni og á sínu vinnusvæði | Þekkt og gert grein fyrir völdum verkum listamanna. Lýst þeim og greint á einfaldan hátt yrkisefnið og lýst þeim aðferðum sem beitt var við sköpun verksins.<br><br>Greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.<br><br>Greint á einfaldan hátt áhrif myndmáls í nærumhverfi hans.<br><br>Skilið mismunandi tilgang myndlistar og hönnunar. | Nemendur vinna að listsköpun undir leiðsögn | frammistöðu og færni nemandans. |

**Námsgögn:**
Bækur, blöð og verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.
Listaverkabækur, Litafræði og Formfræði.

**Efniviður:**
Pappír í ýmsum gerðum.
Þekju-, vatns-,blek-, og akrýllitir.
Tré-, túss-, vax-, og krítarlitir.

**Verkfæri:**
Blýantar, pennar, skæri, pennslar, svampur, reglustikur, lím.

**Markmið:**

**Að nemandi geti:**

- Tjáð sig á skapandi og myndrænan hátt
- Læri fjölbreyttar aðferðir og leiðir til sköpunar
- Geti unnið sjálfstætt og læri færni í þekkingu lita og formfræði
- Geti unnið út frá eigin styrkleikum

**Lokanámsmat:**

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstöfum og safna þannig á hæfnikort sitt.